

**Sp.**

## **72. Tillaga til þingsályktunar**

um athugun og undirbúning að þátttöku Íslands í alþjóðlegu félagsmálastarfi.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því, á hvern hátt Ísland gæti orðið þátttakandi í alþjóðlegu félagsmálastarfi með því að gerast meðlimur í Alþjóðlega vinnumálasambandinu (International Labour Organization), og þó sérstaklega, á hvern hátt Ísland gæti orðið aðili að Alþjóðlegu vinnumálaskrifstofunni (International Labour Office), sem aðsetur hafði áður í Genf í Sviss, en nú í Montreal í Kanada. Sé það athugað, hvaða kostnað það hefði í för með sér fyrir Ísland.

Athuganir sínar leggi ríkisstjórnin síðan fyrir Alþingi, svo fljótt sem verða má.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Þegar Þjóðabandalagið var stofnað að lokinni heimsstyrjöldinni 1914--1918, varð það niðurstaðan, að einn nauðsynlegur þáttur í þeirri starfsemi væri alþjóðlegt samstarf um félagsmálefni. Alþjóðlega vinnumálasambandið var því stofnað, og rak það og starfrækti hina alþjóðlegu vinnumálaskrifstofu.

Þjóðabandalagið sætti misjöfnum dómum, og mátti segja, að það væri komið á fallanda fót, er heimsstyrjöld sú, sem nú geisar, hrauzt út. Ekki verður því þó neitað,

að hugsjón sú, er bak við stofnun Þjóðabandalagsins lá, var göfug og vel meint, en þróngsýni, klíkuháttur og skefjalitlar ofbeldisstefnur einstakra stórþjóða urðu ekki brotnar á bak aftur, bæði vegna sérhagsmuna og misskilinnar mildi annarra þjóða, og varð það Þjóðabandalaginu að fótakefli. En þó að dómarnir um Þjóðabandalagið væru með réttu nokkuð harðir, urðu flestir þó að viðurkenna, að starfsemi Alþjóðlega vinnumálasambandsins og skrifstofu þess hefði haft ómetanlegt gildi við rannsóknir og samtök um endurbætur og nýsköpun á félagsmálefnum yfirleitt.

Alþjóðlega vinnumálasambandið hélt þing öðru hverju, og mættu þar fulltrúar ríkisstjórna þeirra, er þátttakendur voru í sambandinu, svo og fulltrúar fyrir samlakaheildir verkamanna og atvinnurekenda í þeim löndum, auk ýmissa fræðimanna í félagsvísindum. Þing þessi tóku til umræðu og afgreiðslu öll helztu félagsmálefni með það fyrir augum að fá fram ályktanir, er næðu til sem flestra ríkja, er í sambandinu voru, með það fyrir augum, að þessar ályktanir yrðu síðan lögfestar í hinum einstöku ríkjum. Þing þetta kaus og framkvæmdaráð, er kom saman á milli þinga, eftir því sem þurfa þótti. Og til þess að hafa með höndum rannsóknir félagsmálefna, safna skýrslum og upplýsingum og veita sambandsríkjunum eða stjórnum og einstökum stofnunum þeirra sem fyllsta fræðslu var Alþjóðlega vinnumálaskrifstofan stofnuð og starfrækt. Skrifstofa þessi starfaði — og starfar enn — með ágætum starfskröftum og hefur látið fram fara óteljandi rannsóknir og athuganir á félagsmálefnum um heim allan, hefur gefið út fjölda merkilegra rita um þessi málefni og veitt einstökum ríkisstjórnnum ómetanlegar leiðbeiningar og upplýsingar í sambandi við þessi mál. Hefur skrifstofan og komið á laggirnar fullkonnasta bókasafni, er fyrirfinnst um félagsmálefni. Hefur skrifstofa þessi yfirleitt áunnið sér hið bezta álit og viðurkenningu með störfum sínum.

Eins og kunnugt er, var Ísland aldrei í Þjóðabandalaginu, og eins og nú er komið málum, verður ekki um þátttöku að ræða í því að sinni og því ekki um annað þar að ræða en bíða eftir því, að Þjóðabandalagið verði endurskipulagt að stríði loknu eða annað nýtt reist á rústum þess. Gera má ráð fyrir því, að einhver slík alþjóðasamtök risi upp, og má vænta þess, að Ísland verði þar einn af aðilunum. En á því getur orðið nokkur dráttur.

En þó að Þjóðabandalagið hafi þannig lagzt í dá, eins og raun her vitni um, þá heldur Alþjóðlega vinnumálasambandið áfram störfum og vinnumálaskrifstofan þó alveg sérstaklega og hefur einmitt nú til meðferðar rannsóknir á ýmsum nýjum verkefnum félagsmálalöggjafar að stríði loknu. Nú var það einnig svo, að á meðan Þjóðabandalagið var og hét, tóku einstök ríki utan Þjóðabandalagsins þátt í störfum vinnumálasambandsins og skrifstofunnar. Má þar til nefna Bandaríki Norður-Ameríku. Er það því hvort tveggja, að ekki þarf beinlínis að vera í Þjóðabandalaginu til þess að eiga þátt í störfum vinnumálasambandsins og skrifstofu þess, og eins hitt, að telja má alveg víst og óvefengjanlegt, að Íslandi gæti orðið að því hinn mesti styrkur og hagræði í félagsmálefnum að vera þar aðili. Sýnist því rétt og eðlilegt, að ríkisstjórnin láti þegar fara fram athugun á því, með hverjum hætti það gæti orðið og hvaða kostnað það hefði í för með sér. Af þessum ástæðum er tillaga þessi flutt, og er þess að vænta, að samþykkt hennar gæti orðið til þess, að íslenska ríkið taki hið fyrsta þátt í alþjóðlegri félagsmálastarfsemi til aukinna umbóta og framfara í félagsmálefnum landsins.